



# Starfsáætlun Víkurskóla

## 2019- 2020

Uppfærð 28.10 af Elínu Einarsdóttur

Víkurskóli  
Mánabraut 3-5, 870 Vík

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Hagnýtar upplýsingar .....	3
Forföll og leyfi nemenda .....	3
Skóladagatal .....	4
Skóladagur nemenda .....	4
Tilhögun kennslu .....	5
Nemendur .....	6
Starfsfólk Víkurskóla .....	6
Skipurit Víkurskóla .....	7
Skólaráð .....	7
Skólareglur Víkurskóla .....	7
Foreldrafélag .....	8
Nemendaráð .....	9
Stuðningur .....	10
Nemendaverndarráð .....	9
Áfallateymi .....	10
Sérkennsla og þroskaþjálfun .....	11
Sérfræðiþjónusta Víkurskóla .....	11
Skimanir og próf .....	11
Eineltisáætlun .....	12
Náms- og starfsráðgjöf .....	12
Sálfræðiþjónusta .....	12
Talmeinafræðingur .....	12
Heilsugæsla .....	12
Öryggi nemenda - rýmingaráætlanir .....	12
Skólaakstur .....	13
Símenntunaráætlun .....	13
Áherslur og þróunarstarf á skólaárinu .....	13

## Inngangur

Samkvæmt lögum skal grunnskóli gefa út starfsáætlun ár hvert. Þar skal m.a. gera grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslifi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs.

Starfsáætlun skóla skal vera til umfjöllunar í skólaráði og er árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Þetta er starfsáætlun Víkurskóla fyrir skólaárið 2019-2020. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá.

## Hagnýtar upplýsingar

Víkurskóli  
Mánabraut 3-5  
870 Vík  
Sími: 487 1242

Netfang: [vikurskoli@vik.is](mailto:vikurskoli@vik.is)

Heimasíða: [www.vikurskoli.vik.is](http://www.vikurskoli.vik.is)

Skólastjóri er Elín Einarssdóttir, [skolastjori@vik.is](mailto:skolastjori@vik.is), sími: 776 1320

Aðstoðarskólastjóri er Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir [kollaosk@vik.is](mailto:kollaosk@vik.is)

Dægradvöl fyrir nemendur í 1.-4. bekk til kl. 16:00 virka daga.

Umsjónarmaður dægradvalar er Anna Birna Björnsdóttir, [annabirna@vik.is](mailto:annabirna@vik.is)

Skólinn er opinn frá kl. 07:45 – 16:00 alla virka daga.

## Forföll og leyfi nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags í gegnum upplýsingarkerfið Mentor, í tölvupósti til umsjónarkennara eða símleiðis í skólann: 487-1242

Ef nemandi þarf að fá leyfi hluta úr degi eða 1-2 skóladaga skal hafa samband við umsjónarkennara. Ef óskað er eftir lengra leyfi skal sækja um það til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Eyðublöð eru á heimasíðu skólans. Skólinn minnir á ábyrgð foreldra/forráðamanna að passa upp á að nemendur vinni upp það námefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Ef skólasókn nemenda er áfátt upplýsir umsjónarkennari foreldra og víesar málinu til skólastjóra. Málefni nemandans verður þá tekið fyrir í nemendaverndarráði skólans.

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólastjóra sem leggur umsóknina fyrir nemendaverndarráð til umsagnar.

## Skóladagatal

Skóladagar nemenda eru 175. Jólaleyfi hefst 18. desember og lýkur 6. janúar. Páskaleyfi hefst 3. apríl og lýkur 13. apríl. Kennsla fellur niður á starfsdögum. Á skólaárinu eru þeir: 11. október, 4. nóvember, 3.janúar, 26. febrúar og 28. maí.

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Skóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:  Vikurskóli, Við i Mýrdal

ÁGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 F	1 G	1 D <small>Bekkjavid 5-6 b</small>	1 F	1 G <small>Fjárháðsdegi</small>	1 M <small>Háskólagur</small>	1 L	1 G	1 M <small>Aðháðs x 2</small>	1 F <small>Vesturbæjarlagur</small>	1 M <small>Aðrar í Vesturbæju</small>
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F <small>Irrfæðagur</small>	2 L	2 B <small>starfslagur</small>
3 L	3 b	3 F	3 G	3 b	3 F <small>þarfdegi</small>	3 M	3 b	3 F	3 G	3 M <small>starfslagur</small>
4 S	4 M <small>þarfslagur verlunarmánuði</small>	4 F	4 M <small>þarfdegi</small>	4 M	4 L	4 D	4 M	4 L	4 M	4 F <small>þarfslagur</small>
5 F	5 L <small>þarfslagur</small>	5 L	5 b <small>Forskriftnemendagur</small>	5 F	5 G	5 M <small>Forskriftnemendagur</small>	5 F	5 G <small>Þáttumánuðagur</small>	5 D	5 F
6 b	6 F	6 G	6 M	6 F	6 M <small>Kinnala Íslensk</small>	6 F <small>Dagur leikkortins</small>	6 F	6 M	6 M	6 L
7 M	7 L	7 M <small>Reyki 6-7 b</small>	7 F	7 L	7 b <small>Dara</small>	7 F <small>Dagur sálfarðar</small>	7 L	7 b	7 F	7 G <small>þáttumánuðagur</small>
8 F	8 S <small>Dagur leikk.</small>	8 D <small>Kötulagðar Reyki 6-7</small>	8 F <small>þarfdegi þegn einnig</small>	8 S	8 M <small>Dara</small>	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M <small>þarfslagur</small>
9 F	9 M	9 M <small>Reyki 6-7 b</small>	9 L	9 M	9 F <small>Dara</small>	9 S	9 M	9 F <small>þarfdegi</small>	9 L	9 D
10 L	10 D	10 F <small>Reyki 6-7 b</small>	10 G	10 D	10 F <small>Dara</small>	10 M	10 D	10 G <small>þarfslagur</small>	10 G	10 M
11 S	11 M	11 F <small>þarfslagur Reyki 6-7</small>	11 M <small>þarfslagur</small>	11 M	11 L	11 D <small>Bekkjavid 7-10 b</small>	11 M <small>Gangar 1. kl.</small>	11 L	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L <small>þarfslagur</small>	12 D	12 F	12 S	12 M	12 F <small>Gangar 2. kl.</small>	12 S <small>þarfslagur</small>	12 D	12 F
13 b	13 F	13 S <small>þarfslagur</small>	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M <small>Aðrar í leikkum</small>	13 M	13 L
14 M <small>þarfslagur</small>	14 L	14 M <small>þarfslagur</small>	14 F <small>Aðháðs x 2</small>	14 L	14 P	14 F	14 L	14 D	14 F	14 G
15 F	15 S	15 b <small>þarfslagur</small>	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M
16 F	16 M <small>Dagur Íslenskra náttúru</small>	16 M <small>þarfslagur</small>	16 L <small>Dagur Íslenskra náttúru</small>	16 M <small>þarfslagur</small>	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 b
17 L	17 D	17 F <small>þarfslagur</small>	17 S	17 D	17 F <small>þarfslagur</small>	17 F	17 M <small>þarfslagur</small>	17 D <small>Bekkjavid 1-4 b</small>	17 F	17 G <small>þarfslagur</small>
18 S	18 M	18 F <small>þarfslagur</small>	18 M	18 M	18 L	18 M	18 b <small>Bekkjavid 5-6 b</small>	18 M	18 L	18 M <small>þarfslagur</small>
19 M <small>þarfslagur</small>	19 F <small>Gam. 1st 7 b</small>	19 L	19 D	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 D	19 F
20 D <small>þarfslagur</small>	20 F <small>Gam. 1st 7 b</small>	20 S	20 M <small>Dagur mannríðinda þenna</small>	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M <small>þarfslagur</small>	20 L
21 M <small>þarfslagur</small>	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 L	21 D	21 F <small>Upplýsingarlagur</small>	21 G
22 S <small>þarfslagur</small>	22 S	22 D <small>Bekkjavid 1-4 b</small>	22 F	22 S	22 M <small>þarfslagur</small>	22 L	22 S	22 M	22 F <small>þarfslagur</small>	22 M
23 M <small>þarfslagur</small>	23 M	23 L <small>þarfslagur</small>	23 S <small>þarfslagur</small>	23 M <small>þarfslagur</small>	23 F <small>Námmat</small>	23 M <small>þarfslagur</small>	23 M	23 F <small>þáttumánuðagur</small>	23 L	23 B <small>þarfslagur</small>
24 L	24 D <small>Bekkjavid 7-10 b</small>	24 F <small>þarfslagur</small>	24 S	24 P <small>Aflangadagur</small>	24 F <small>þarfslagur</small>	24 M <small>þarfslagur</small>	24 D	24 F	24 S	24 M
25 S	25 M	25 F <small>þarfslagur</small>	25 M	25 M <small>þarfslagur</small>	25 L	25 b <small>þarfslagur</small>	25 M	25 L	25 M <small>þarfslagur/Vorlagur</small>	25 F
26 M <small>þarfslagur</small>	26 F <small>Gam. 1st 4 b</small>	26 L <small>þarfslagur</small>	26 D	26 F <small>Aflangadagur</small>	26 M <small>þarfslagur</small>	26 S	26 M <small>þarfslagur/Vorlagur</small>	26 S	26 M <small>þarfslagur/Vorlagur</small>	26 F
27 D <small>þarfslagur</small>	27 F <small>Gam. 1st 4 b</small>	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 M <small>þarfslagur</small>	27 L	27 G <small>þarfslagur</small>
28 M	28 L	28 M	28 F <small>þarfslagur</small>	28 L	28 P	28 F	28 L	28 B	28 F <small>þarfslagur</small>	28 S
29 F	29 S	29 D	29 F	29 S	29 M <small>þarfslagur</small>	29 L	29 S	29 M	29 F <small>þarfslagur</small>	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 D	30 B
31 L	31 F <small>þarfslagur</small>	31 P	31 F <small>Gam. 1st 4 b</small>	31 P	31 F <small>þarfslagur</small>	31 D	31 D	31 G <small>þarfslagur</small>	31 L	31 G

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarsambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á timabilinu 20. ágúst til 10. júní.  
Sérstakir starfsdagar kennara á starfslíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hlíðsjanum af kjarasamningum.  
Starfsdagar kennara utan starfslíma nemenda eru 8.

## Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:10 og lýkur klukkan 14:35 mánudaga til fimmtudaga. Skólastarfi lýkur klukkan 12:00 á föstudögum. Skólahúsnaðið er opið frá klukkan 7:45 á morgnana. Skólastjóri eða staðgengill hans sjá um að opna húsið og taka á móti nemendum til klukkan 8:00. Skólaliðar eru nemendum innan handar frá klukkan 8:00. Nemendum í 1.-4. bekk býost að koma í dægradvöl virka daga til kl. 16:00 á daginn. Dægradvöl er í boði á skóladögum nemenda og starfsdögum innan skólaársins. Þeir nemendur sem eru í Dægradvöl stendur til boða að fá síðdegishressingu.

Nemendur fá 20 mínútna frímínútur klukkan 9:30 þar sem boðið er upp á hressingu og 10 mínútna frímínútur klukkan 11:10. Hádegishlé er frá klukkan 12:00-12:30. Nemendur geta keypt mat og morgunhressingu í skólanum en geta ef þeir kjósa frekar komið með nesti að heiman. Eftir hádegi fá nemendur 5 mínútna frímínútur klukkan 13:55.

Yngri nemendur (1.-6.bekkur) fara í frímínútur út á leiksvæði nema að veður hamli. Nemendur í 7. – 10. bekk hafa val um hvort þau eru inni eða úti í frímínútum en eru að sjálfsögðu hvattir til að nýta sér útvist sem mest.

Skólaliðar sjá um gæslu í öllum frímínútum utan- og innandyra eftir atvikum. Ef ekki er fært að vera utandyra vegna veðurs þá færst gæslan inn. Íþróttakennsla fer fram utandyra haust og vor

eftir því sem veður leyfir. Sund er einu sinni í viku. Haustið 2019 er sund kennt í öllum hreyfitímum til 11. október. Listir eru kenndar í Listakoti (lausri kennslustofu vestan við skólann).

## Tilhögun kennslu

Í Víkurskóla er mikil samkennsla árganga og um leið eru námsgreinar oft og tíðum samþættar, sérstaklega á yngra stigi. Samkennsluhópar eru eftirfarandi: 2.-4. bekkur, 5.-6.bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur. 1. bekkur er sérhópur þetta skólaár.

Verklegar greinar, hönnun, myndmennt, handmennt og heimilsfræði eru unnar í lotum sem skiptast í þrjár annir. Oft og tíðum er því erfitt að tilgreina stundir samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en sú hlutfallslega skipting sem þar er boðuð er höfð til hliðsjónar í starfi skólans. Í skipulagi skólans er horft til þeirra markmiða sem vinna á samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og eru því námsmarkmiðin einnig leiðarljós þegar ákveðið er hvernig tímamagni er skipt á milli námsþáttta, jafnframt er leitast við að draga inn í skólastarfið áherslur úr Menntastefnu Mýrdalshrepps. Námsvísa / kennsluáætlanir skólans er að finna á heimasíðu.

Fag	1. bekkur	2. – 4. bekkur	5. – 6. bekkur	7. – 8. bekkur	9.- 10. bekkur
Íslenska	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6
Enska	1	1	3	3	4
Danska			2	4	4
Náttúrufræði	3	3	4	3	4
Samfélagsfræði	3	2	3	2	2
Upplýsingatækni	1	1	1	1	1
Tónmennt	1	1	1		
Íþróttir	2	2	2	2	2
Sund	1	1	1	1	1
List-og verkgreinar	4	4	3		
Val/Art	2	2	3	3	1
Valgreinar eldri				6	6
<b>Samt.</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>

## Valgreinar á ungingastigi skólaárið 2019-2020

- Skólahreysti
- Heimilisfræði
- Hönnun
- Fjölbreytt hreyfing (boltaíþróttir/fimleikar, heilsufræði)
- Textíl
- Myndsköpun
- Upplýsingatækni (word /exel)
- Tungumál (eftir áramót)

Vettvangsferðir nemenda skólaárið 2019-2020 miðast að mestu við göngufæri frá skólanum og næsta nágrenni.

## Nemendur

Í upphafi skólaársins voru 53 nemendur skráðir í skólann. Skiptingu nemenda eftir aldri, kyni, bekk má sjá í töflunni.

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Alls
<b>1.bekkur</b>	6	2	8
<b>2.bekkur</b>	3	2	5
<b>3.bekkur</b>	1	5	6
<b>4.bekkur</b>	0	1	1
<b>5.bekkur</b>	4	1	5
<b>6.bekkur</b>	0	4	4
<b>7.bekkur</b>	3	5	8
<b>8.bekkur</b>	2	3	5
<b>9.bekkur</b>	2	5	7
<b>10.bekkur</b>	2	2	4
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>30</b>	<b>53</b>

## Starfsfólk Víkurskóla

### Nafn

Anna Björnsdóttir  
 Anna Birna Björnsdóttir  
 Arnheiður Dögg Einarsdóttir  
 Áslaug Einarsdóttir  
 Bergþóra Ástþórsdóttir  
 Daria Katarzyna Borkowska  
 Elín Einarsdóttir  
 Guðlaug Björk Sigurðardóttir  
 Guðrún Hvönn Sveinsdóttir  
 Helga Þorbergsdóttir  
 Hrund Jafetsdóttir  
 Hulda Finnsdóttir  
 Ívar Páll Bjartmarsson  
 Kolbrún Hjörleifsdóttir  
 Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir  
 Sif Hauksdóttir  
 Stefnán Daníel Kristjánsson  
 Victoria Reinholdsdóttir  
 Þorgerður Hlín Gísladóttir


### Staða

tónmenntakennari  
 Stuðningsf.dægrad. ræsting  
 námsráðgjafi  
 þroskaþjálfi  
 stundakennari  
 íþróttakennari  
 skólastjóri  
 skólaliði  
 grunnskólakennari  
 skólahjúkrunarfræðingur  
 leiðbeinandi m. umsjón  
 stuðningsfulltrúi/dægradvöl  
 stundakennari  
 grunnskólakennari  
 aðstoðarskólastjóri/umsjk.  
 umsjónarkennari  
 stuðningsfulltrúi/dægradvöl  
 umsjónarkennari/verkefnastj.  
 leiðbeinandi m. umsjón

### Netfang

[abvik@simnet.is](mailto:abvik@simnet.is)  
[annabirna@vik.is](mailto:annabirna@vik.is)  
[arnheidur@skolamal.is](mailto:arnheidur@skolamal.is)  
[aslaug@vik.is](mailto:aslaug@vik.is)  
[begga@vik.is](mailto:begga@vik.is)  
[daria@vik.is](mailto:daria@vik.is)  
[elin@vik.is](mailto:elin@vik.is)  
[gully14@simnet.is](mailto:gully14@simnet.is)  
[gudrunhvronn@vik.is](mailto:gudrunhvronn@vik.is)  
[helga@hsu.is](mailto:helga@hsu.is)  
[hrund@vik.is](mailto:hrund@vik.is)  
[hulda@vik.is](mailto:hulda@vik.is)  
[ivar@ipb.is](mailto:ivar@ipb.is)  
[kolbrun@vik.is](mailto:kolbrun@vik.is)  
[kollaosk@vik.is](mailto:kollaosk@vik.is)  
[sif@vik.is](mailto:sif@vik.is)  
[stefan@vik.is](mailto:stefan@vik.is)  
[victoria@vik.is](mailto:victoria@vik.is)  
[thorgerdur@vik.is](mailto:thorgerdur@vik.is)

## Skipurit Víkurskóla



## Skólaráð

Við grunnskóla starfar skólaráð (skv. lögum nr. 91, 8.gr) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótnun sérkenna hans. Skólaráð fjallar m.a. um skóladagatal, skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Í Skólaráði 2019-2020 sitja eftirtaldir:

Anna Birna Björnsdóttir, stuðningsfulltrúi  
 Páll Tómasson, fulltrúi foreldra  
 Bergný Ösp Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra  
 Hulda Finnsdóttir, stuðningsfulltrúi  
 Victoria Reinholsdóttir, grunnskólakennari  
 Elín Einarsdóttir, skólastjóri  
 Tara Karitas S. Óðinsdóttir, fulltrúi nemenda  
 Karl Anders Þórófur Karlsson, fulltrúi nemenda  
 Helga Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

### Varamenn:

Áslaug Einarsdóttir, þroskapjálfí  
 Birnir Frosti Sigurðsson, fulltrúi nemenda

## Skólareglur Víkurskóla

Eftirfarandi reglur eru leiðarljos í starfi Víkurskóla.

- Við förum eftir settum reglum og komum fram við nemendur og starfsfólk af virðingu.

- Við mætum stundvíslega og með þau gögn sem við þurfum að nota hvern dag. Veikindi eða önnur forföll skal tilkynna í skólann. Leyfi í 3 daga eða lengur þarf að sækja um skriflega til skólastjóra/aðstoðarskólastjóra. Öll röskun sem verða kann á námi nemenda vegna lengri leyfa er á ábyrgð forráðamanna.
- Við gerum okkur far um að gera skólann okkar að ánægjulegum vinnustað, með prúðmannlegri framkomu; sýnum hjálpssemi, erum tillitssöm og göngum vel um jafnt innan dyra sem utan. Við göngum hljóðlega um ganga og annað sameiginlegt rými.
- Við megum koma á reiðhjólum, hlaupahjólum, hjólaskautum eða hjólaskóm í skólann ef foreldrar leyfa slíkt og ef við erum með hjálma og tilskilinn hlífðarbúnað. Skýrt skal tekið fram að þessi tæki eru alfarið á ábyrgð foreldra og nemenda.
- Notkun farsíma, leikjatölva og annars sem truflar nám og kennslu er óheimil í kennslustundum.
- Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum s. s. peningum, snjalltækjum og myndavélum.
- Við erum eingöngu með gosdrykki og sælgæti í skólanum við sérstök tækifæri með leyfi starfsmanna.
- Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í skólanum og á skólalóðinni.
- Kennurum er frjálst að setja frekari reglur um umgengni og almenn samskipti með eða án samráðs við nemendur sína. Þær eru kynntar forráðamönnum og öðru starfsfólk skólans.
- Skólareglur Víkurskóla gilda hvar sem er á vegum skólans s. s. á ferðalögum.
- Starfsmenn skóla og forráðamenn nemenda skulu stuðla að því að nemendur virði reglur skólans.

Við brot á þessum meginreglum er unnið eftir ákveðnu ferli sem útskýrt er í skólanámskrá.

## Foreldrafélag

Við Víkurskóla starfar foreldrafélag. Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Aðalfundur félagsins er haldinn í september ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Sjá nánar á heimasíðu skólans. Netfang félagsins er foreldrafelag@vik.is

Stjórn foreldrafélags Víkurskóla 2019-2020

### Aðalmenn:

Kolbrún Magga Matthíasdóttir  
 Hjörðís Rut Jónsdóttir  
 Ólafur Ögmundsson  
 Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
 Ingibjörg Matthíasdóttir

Til vara:

Ingvar Jóhannesson  
 Guðrún Hildur Kolbeins

### Tengiliður við grunnskóla:

Stefán Daníel Kristjánsson , stefan@vik.is

## Nemendaráð

Við skólann starfar nemendafélag. Markmið félagsins er að:

- Vinna að hagsmunu- og velferðamálum nemenda.
- Skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í Víkurskóla.
- Vinna með skólaráði Víkurskóla vegna vinnu að hagsmunu- og velferðamálum nemenda og skipa tvo fulltrúa félagsins í skólaráð.
- Vinna með skólastjóra sem hefur umsjón með starfi nemendaráðs.

Félagsstarf í Víkurskóla er með fjölbreyttum hætti og leggur nemendaráð línurnar fyrir starfið. Bekkjarkvöld eru haldin tvisvar á ári. Kaffihúskvöld sem er haldið í tilefni af Dagi íslenskrar tungu 16. nóvember er samstarfsverkefni kennara og nemenda. Jólaböll nemenda eru haldin síðasta skóladag fyrir jólaleyfi. Árshátíð skólans er haldin í síðustu kennsluviku fyrir páskaleyfi. Nemendur í 8.-10. bekk sækja haustball og árshátíðarball með skólunum í Rangárvallasýslu. Á þorranum er haldið þorrablót í skólanum. Þá borða kennarar og nemendur þorramat saman, nemendur flytja annál ársins, þá er spiluð félagsvist hjá eldri nemendum og Ólsen,Ólsen keppni hjá yngri nemendum. Í nemendaráði 2019-2020 eru:

Tara Karitas Saitong Óðinsdóttir formaður (10)

Karl Anders Þórólfur Karlsson (9)

Arnfríður Mára Þráinsdóttir (8)

Stephanie Ósk Ingvarsdóttir (7)

Olof Jóhann Ísólfur Karlsson (6)

Aníta Ósk Reynisdóttir(5)

Til vara: Birnir Frosti Sigurðarson

Sædís Alexandersdóttir

Egill Atlason

Björn Vignir Ingason

Kári Steinn Guðmundsson

Íris Anna Orradóttir

## Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í Víkurskóla. Skólastjóri eða staðengill skólastjóra er formaður nemendaverndarráðs.

Fastafulltrúar í nemendaverndarráði Víkurskóla eru skólastjóri, þroskaþjálfir, skólahjúkrunarfæðingur, sálfræðingar skólans og fulltrúi frá félagsþjónustu Rangár- og Vestur-Skaftafellssýslu. Ráðið má kalla til þá sem koma að velferð barna í Víkurskóla. Nemendaverndarráði er ætlað að vera starfsfólk skólans til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur samkvæmt reglugerð. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum nemenda svo sem varðandi sérkennslu, sálfræðiþjónustu, félagslega þjónustu, heilsuvernd og aðra sérfræðiþjónustu. Fundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á önn en oftar ef þörf krefur.

Nemendaverndarráð Víkurskóla skólaárið 2019-2020

Arnheiður Dögg Einarsdóttir námsráðgjafi  
 Áslaug Einarsdóttir, þroskaþjálfi  
 Elín Einarsdóttir, skólastjóri  
 Helga Þorbergsdóttir, hjúkrunarfræðingur  
 Svava Davíðsdóttir, félagsráðgjafi  
 Þórunn Jóna Hansen forstöðumaður/kennsluráðgjafi

## Stuðningur

	Hvert á að leita fyrst?	Aðrir sem að málinu koma
<b>Námsörðugleikar</b>	Umsjónarkennari	Þroskaþjálfi Sérfræðingar Skólapjónustu
<b>Samskiptaörðugleikar</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð
<b>Tal- og málörðugleikar</b>	Umsjónarkennari Þroskaþjálfi	Talmeinafræðingur í samstarfi við Skólapjónustu
<b>Einelti</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð Sérfræðingar Skólapjónustu
<b>Sorg - ástvinamissir</b>	Umsjónarkennari Skólastjóri	Áfallateymi
<b>Vanlíðan - óöryggi - veik sjálfsmynd</b>	Umsjónarkennari	Þroskaþjálfi Skólastjóri Sérfræðingar Skólapjónustu
<b>Hegðunarerfiðleikar</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð Sérfræðingar Skólapjónustu
<b>Ofbeldi</b>	Umsjónarkennari Skólastjóri	Nemendaverndarráð Lögregla

## Áfallateymi

Við Víkurskóla starfar áfallateymi. Hlutverk þess er að koma saman ef skyndileg áföll, s.s. ef slys verða, dauðsföll, náttúruhamfarir eða önnur erfið áföll sem tengjast nemendum eða starfsfólk. Í teyminu eiga sæti skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, eftir atvikum umsjónarkennari, hjúkrunarfræðingur og sóknarprestur. Áfallateymið vinnur samkvæmt áfallaáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans (í endurskoðun 2019-2020).

## Sérkennsla og þroskaþjálfun

Í Víkurskóla er starfandi þroskaþjálfari. Í skólanum skiptist á einstaklingskennsla og stuðningur við einstaka nemendur eða hópa inni í bekk. Kennarar og þroskaþjálfari standa vörð um velferð og réttindi nemenda með náms- og þroskafrávik. Hjá þeim geta nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans fengið ráðgjöf og upplýsingar. Kennarar og þroskaþjálfari veita stuðning við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.

## Sérfræðiþjónusta Víkurskóla

Við skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu starfa, stjórnandi/kennsluráðgjafi grunnskóla, náms- og starfsráðgjafi, kennsluráðgjafi leikskóla og ritari. Sálfræðiþjónusta og talmeinapjónusta er aðkeypt í verktöku. Húsnæði skólapjónustunnar er að Ormsvelli 1 á Hvolsvelli, s. 4878107. Netfangið er [skolamal@skolamal.is](mailto:skolamal@skolamal.is).

Verksvið skólapjónustunnar er í samræmi við *lög um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla* auk samþykkta Byggðasamlags um félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sérfræðingar Skólapjónustunnar sinna greiningum á börnum í grunnskólanum í samvinnu við kennara skólans. Má þar nefna m.a. þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum s.s. lestrar- og stærðfræðigreiningum. Sérfræðingar skólapjónustu heimsækja skólann einu sinni í mánuði og er miðað við fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Skólapjónustan veitir ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna kennsluráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf. Sérfræðingar skólapjónustu sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymum um börn með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Talmeinafræðingur sér, auk greininga og ráðgjafar, einnig um tal- og málþjálfun barna með málþroskafrávik. Að auki er veitt ráðgjöf til sveitarstjórna og fræðslunefnda um ýmislegt sem lýtur að skólamálum. Sérfræðiþjónustan kemur að endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði í formi styrttri fræðslufunda og einnig umfangsmeiri námskeiða.

Málum er vísað til skólapjónustu á til þess gerðum tilvísanaeyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðunni [www.felagsogskolamal.is](http://www.felagsogskolamal.is) undir *skólamál - tilvísunareyðublöð*. Til að skólar geti vísað málum einstakra barna til sérfræðinga skólapjónustu þarf skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna þeirra að liggja fyrir. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til skólapjónustunnar án milligöngu skóla.

## Skimanir og próf

Starfsmenn Skólapjónustunnar annast allar helstu greiningar og skimanir sem framkvæmdar eru í skólanum

Aldur	Próf/skimanir
1.bekkur	Leið til læsís - lesskimunarpróf
3.bekkur	Talnalykill, hóppróf (nóvember)
3.bekkur	Hluti LOGOS einstaklingslega (mars/apríl)
4.bekkur	Samræmd próf íslensku og stærðfræði
6.bekkur	Talnalykill, hóppróf (febrúar)
6.bekkur	Hluti LOGOS einstaklingslega (janúar/febrúar)
7.bekkur	Samræmd próf íslensku og stærðfræði

**9.bekkur**

GRP 14 – lestrar- og stafsetningarpróf (sept./okt.)  
Sarmræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku

**Allir bekkir**

Lesferilspróf sept./okt. og jan./maí (lesfimi-orðaleysur-sjónrænn orðaforði og nefnuhraði)

Önnur greinandi próf sem notuð eru TOLD 2P og TOLD 21 málþroskapróf. Jafnframt eru lögð fyrir nemendur LOGOS lestrargreiningarpróf ef grunur er um lesblindu. Unnar eru skýrslur út frá niðurstöðum prófa og skilafundir haldnir með foreldrum og umsjónarkennara. Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk eru einnig nýttar til skimunar.

**Eineltisáætlun**

Eineltisáætlun er að finna á heimasíðu skólans og í námskrá.

**Náms- og starfsráðgjöf**

Í Víkurskóla er starfandi náms- og starfsráðgjafi í hlutastarfi. Þjónusta hans er á vegum Skólapjónustu Rangaárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Að auki veitir umsjónarkennari á elsta stigi nemendum ráðgjöf og stuðning eftir föngum. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í náminu og persónuleg ráðgjöf varðandi námsval. Nemendur 10. bekkjar fara í náms- og starfsfræðsluferð og heimsækja fyrirtæki og framhaldsskóla.

**Sálfræðipjónusta**

Sálfræðipjónusta skólans er á vegum Skólapjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. En sem komið er, er ekki starfandi sálfræðingur hjá Skólapjónustunni en þjónustusamningur er við Sálstofuna. Starfssvið skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á líðan og vandamálum nemenda. Sálfræðingur veitir nemendum, forráðamönnum og starfsmönnum ráðgjöf vegna náms og tilfinningavanda. Starfsmenn skólans, forráðamenn og nemendur geta óskað eftir þjónustu skólasálfræðings.

**Talmeinafræðingur**

Til þess að fá þjónusta talmeinafræðings þarf tilvísun frá heimilislækni. Talmeinafræðingur er starfandi á Hellu. Talmeinafræðingur sér um að leggja fyrir málþroskapróf og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf. Mögulegt er að nemendur sem þurfa þjálfun hjá talmeinafræðingi geti fengið hana í gegnum fjarþjálfun í skólanum. Slíkt er metið af talmeinafræðingi hverju sinni. Talmeinafræðingur sér um að leggja fyrir málþroskapróf og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf.

**Heilsugæsla**

Heilsugæsla í Víkurskóla er á vegum heilsugæslunnar í Vík. Skólahjúkrunarfræðingur er Helga Þorbergsdóttir og sér hún um heilbrigðisfræðslu nemenda, og hefðbundnar heilbrigðisskoðanir skólabarna. Hún sér einnig um viðeigandi bólusetningar. Forráðamenn geta haft samband við skólahjúkrunarfræðing varðandi börn sín á heilsugæslustöð.

**Öryggi nemenda - rýmingaráætlánir**

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldra, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Víkurskóli býr við þær sérstöku aðstæður að skólinn er á rýmingarsvæði ef til Kötlugoss kemur. Nemendur og starfsfólk eru reglulega fræddir um viðbrögð við Kötluvá. Í október á hverju ári er sérstök rýmingaráefing vegna þessa. Allar kennslustofur innihalda möppur með nemendalistum og fyrirmælablaði sem

fylgja skal ef til rýmingar kemur. Áætlað er að árlega sé haldin brunaæfing í skólanum í samstarfi við slökkviliðsstjóra.

## Skólaakstur

Í Víkurskóla er hluti nemenda í skólaakstri. Í upphafi skólaárs liggar fyrir akstursáætlun skólabíla. Í vondum veðrum skal skólabílstjóri meta hvort óhætt sé að láta nemendur út á venjulegum stoppistöðvum eða hvort gera skuli undantekningar og keyra þá heim. Á morgnana er það foreldranna að meta hvort þau fylgja börnum að stoppistöð ef eitthvað er að veðri. Ekki er beðið eftir nemanda sem mætir ekki í akstur á tilsettum tíma. Ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða, sjá viðkomandi foreldrar/forráðamenn nemenda um að láta skólabílstjóra vita. Nemendum er skylt að nota bílbelti. Ef veður eða færð eru viðsjárverð hafa skólastjóri og skólabílstjórar samráð um hvort hægt sé að keyra. Tilkynning fer með sms-skilaboðum og/eða tölvupósti til foreldra um leið og ákvörðun hefur verið tekin. Foreldrar meta að sjálfsögðu hvort þeir senda börn sín í skólann eða halda þeim heima ef óveður brestur á og tilkynna skólanum ákvörðun sína.

Sjá áætlun um skólaakstur á heimasíðu.

## Símenntunaráætlun

Sérstök áhersla í endurmenntun Víkurskóla skólaárið 2019-2020:

- Læsi á öllum skólastigum
- Stærðfræði á öllum skólastigum
- Námsmat á öllum skólastigum
- Bætt samskipti á vinnustaðnum
- Uppeldi til ábyrgðar
- Áfram verður unnið með ART

Uppeldisstefna – Uppeldi til ábyrgðar er höfð að leiðarljósi í samskiptum í Víkurskóla. Hugmyndir uppbyggingastefnunnar efla tilfinningaþroska, félagsfærni og siðvitund barna jafnt sem fullorðinna þannig að samskipti einstaklinga verða betri og hafa góð áhrif á skólastarf og daglegt líf einstaklinga. Nauðsynlegt er að huga að endurmenntun vegna Uppeldisstefnunnar í veturn.

ART – færniþjálfun hjálpar og kennir börnum og fullorðnum leiðir til félagsfærni, reiðistjórnunar og efla siðferðisvitund. ART tengist Uppeldisstefnunni ágætlega. ART var innleitt í Víkurskóla skólaárið 2011-2012.

Einnig munu kennarar sækja námskeið sem hentar hverjum og einum sem haldin eru á vegum Skólapjónustunnar.

## Áherslur og þróunarstarf á skólaárinu

Hér er gerð grein fyrir helstu fyrirhuguðu breytingum á skólanámskrá og þróunarstarfi

### Atriði til rýni og samhæfingar:

- Heilsueflandi grunnskóli.
- Efla samstarf og samvinnu við foreldra.
- Námsmat á öllum skólastigum.

- Námshlutar og kennsluáætlanir endurskoðaðar.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Uppeldi til ábyrgðar endurvakið í skólastarfinu.
- Vinna sjálfsmatsáætlun og nýta Skólapúlsinn við þá vinnu.

**Verkefni sem áður er unnið að og eru í gangi:**

- Uppeldi til ábyrgðar
- ART
- Efling læsis
- Stærðfræði
- Erasmus+ nýtt verkefni hefst haustið 2019- „Fit for life“